



DÓASÖFNUN

Flösku- og dósasöfnun framundan. Hóparnir láta vita inná Svalbó allskonar þegar þeir fara af stað. Bestu þakkir.

9. og 10. bekkur Valsárskóla

NÆSTU RUSLADAGAR

- 17. mars - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp
 - 31. mars - Almennt/lífrænt sorp
 - 14. apríl - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp
-

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 12. apríl.

Skil á efni er til kl. 15:00 sunnudaginn 10. apríl.

Sendist á sandra.einars@gmail.com.

ÁRSHÁTÍÐ VALSÁRSKÓLA 2022

Undirbúningur er hafinn fyrir árshátíðina okkar í Valsárskóla. Í ár ættum við að geta boðið alla velkomna í skólann sem áhuga hafa.

Nemendur 3. og 4. bekkjar spurðu tvo nemendur í hverri bekkjardeild spurninga um undirbúning árshátíðarinnar.

Dalía og Bjarni í 1.-2. bekk.

Hvaða ætlið þið að leika á árshátíðinni? Ég veit það ekki en ég ætla að vera í mömmó eða eitthvað.

Ég man ekki hvað það heitir. Ég held það heiti Konunglega bólubaslið.

Er búið að skipta í hlutverk? Nei.

Eruð þið farin að spá í búningana? Nei.

Mía og Friðrik í 3.-4. bekk.

Hvaða ætlið þið að leika á árshátíðinni? Við ætlum að leika Ávaxtakörfuna.

Er búið að skipta í hlutverk? Nei við erum ekki búin að skipta í hlutverk.

Eruð þið farin að spá í búningana? Já ég held að við fáum þá lánaða frá Grenivík (Hrafnagili).

Unnur og Vakur í 5.-6. bekk.

Hvaða ætlið þið að leika á árshátíðinni? Víkinga.

Eruð þið farin að spá í búningana? Nei.

Er búið að skipta í hlutverk? Nei alls ekki. Í rauninni erum við ekki búin að spá í neitt nema að við ætlum að leika víkinga.

Assa og Reynir í 7.-8. bekk.

Hvaða ætlið þið að leika á árshátíðinni? Rauðhettu

Er búið að skipta í hlutverk? Nei.

Eruð þið farin að spá í búningana? Já einn, Rauðhettu.

Gunnar og Ómar í 9.-10. bekk.

Hvaða ætlið þið að leika á árshátíðinni? Öskubusku

Er búið að skipta í hlutverk? Já, ég (Ómar) er stjúp móðirin, Jól er Öskubuska, Arney og Lilja eru stjúpsysturnar og mýs. Svo er Gunnar kóngurinn, Sólveig er prins, Hjalti er sennilega pabbinn, Markús er álfadís og Sveindís er sögumaður.

Eruð þið farin að spá í búningana? Nei. Við erum að laga aðeins handritið núna.

Árshátíðin verður í Valsárskóla fimmtudaginn 7. apríl kl. 17:00. Miðinn kostar 1.500 kr. fyrir þá sem eru eldri en grunnskólanemendur.

Verið velkomin á glæsilegu sýninguna okkar.

Nemendur í 3.-4. bekk.

HÁRIÐ 1908

Komi þið sælir kærur sveitungar og aðrir. Við erum Heiðrún Beck frá Neðri-Dálkstöðum og Þóra Sigríður Torfadóttir frá Vesturbæ Kópavogs en í dag þorpsbúar miklir.



Eftir smá vinnu og leyfi frá Sveitastjórn að fá smá skika í svokölluðu Áhaldahúsi hreppsins hefur okkur tekist ætlunarverk okkar að sameina krafta okkar, já að opna hársnyrtistofu sem er fyrsta sinnar tegundar hér í þorpinu.


Með ómetanlegri hjálp eiginmanna okkar, þabba Þóru og fleiri, án þeirra hefði þetta ætlunarverk okkar aldrei orðið að veruleika.

Greyið Gummi okkar sem getur allt fær samt sérstakar þakkir fyrir endalausni vinnu og að hlusta á okkur (aðalega Þórana sína) koma með endalaust af nýjum hugmyndum og verkefnum.

Af hverju 1908 spyrja margir, jú svarið er einfalt húsið var byggt árið 1908.

Í húsinu hefur farið fram ýmiskonar starfsemi s.s. saltverkun, sláturhús og kartöflugeymsla svo fátt eitt sé nefnt. Ef þið eigið myndir af því gegnum tíðina myndum við glaðar vilja sjá þær og fá afrit af þeim.

Hlökkum hrikalega mikið til að taka á móti gömlum sem nýjum kúnnum. Hægt er að finna okkur á Noona fyrir tímapantanir.



Svalbarðseyrarvegur 8

Pantanir í gegnum Noona eða skilaboðum á Facebook eða Instagram